

## Svar

### félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um alþjóðlegar skuldbindingar og frumvarpsgerð.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða verklagsreglur gilda við frumvarpsgerð í ráðuneytinu þegar ákvarðað er hvað eigi að koma fram í þeim kafla greinargerðar stjórnarfrumvarps er fjallar um samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar?*
2. *Hvernig metur ráðuneytið það hvort tilefni sé til þess að skoða tiltekinn alþjóðasamning í þeirri vinnu og þá hvort tilefni sé til þess að minnast á niðurstöður þeirrar skoðunar í greinargerð frumvarps?*
3. *Hvernig er vinnulag ráðuneytisins varðandi hvort og þá hvernig það skoðar samræmi frumvarpa sinna við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem lagt er til að verði lögfestur á kjörtímabilinu, sbr. stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar?*

Hvað varðar umfjöllun um samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar í stjórnarfrumvörpum gildir samþykkt ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og þingsályktunartillagna, sbr. 10. gr. reglna um starfshætti ríkisstjórnar, nr. 791/2018. Að auki er fjallað um mat á samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar í Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa sem gefin var út af forsætisráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti og skrifstofu Alþingis í nóvember 2007. Á grundvelli samþykktarinnar og handbókarinnar gefur dómismálaráðuneytið út leiðarvísi um undirbúning og vinnslu stjórnarfrumvarpa og er hann birtur á innri vef Stjórnarráðsins auk þess að vera aðgengilegur í frumvarpsmálum í málaskrá allra ráðuneyta. Þá fer um undirbúning lagafrumvarpa um EES eftir reglum forsætisnefndar Alþingis um þinglega meðferð EES-mála.

Í 8. gr. samþykktar ríkisstjórnarinnar segir að í greinargerð með frumvarpi skuli fjalla um samræmi þess við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar enda gefi frumvarpið tilefni til slíks mats. Í 10. gr. samþykktarinnar er fjallað um mat á áhrifum en þar segir m.a. að hver ráðherra skuli í samræmi við 66. gr. laga um opinber fjármál leggja mat á áhrif stjórnarfrumvarpa, þ.m.t. fjárhagsleg áhrif, sem hann hyggst flytja á Alþingi og skal matið birt sem hluti af greinargerð með frumvarpinu. Mat á áhrifum skuli taka til fjölbreyttra þátta, svo sem áhrifa á jafnrétti og áhrifa á umhverfi og loftslag. Við mat á áhrifum skulu markmið og tilætluð áhrif lagasetningar dregin skýrt fram. Þá er í 13. gr. samþykktarinnar nokkuð ítarlegt ákvæði um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, þ.m.t. um innleiðingu EES-gerða.

Í Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa, bls. 16, kemur fram að við samningu frumvarpa verður að gæta að því að lög séu í samræmi við stjórnarskrá. Sérstaklega þurfi í þessu sambandi að huga að mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Að sama skapi hvíli sú þjóðréttarlega skylda á íslenskum stjórnvöldum að gæta að samræmi laga og alþjóðlegra skuldbindinga. Þá segir að ef mat hafi farið fram á þessum atriðum við samningu frumvarps sé rétt að geta þess í athugasemdum með frumvarpi (nú greinargerð). Í 7. lið I. kafla handbókarinnar kemur fram að sú þjóðréttarlega skylda hvíli á íslenskum stjórnvöldum að

gæta að samræmi laga og alþjóðlegra skuldbindinga. Jafnframt kemur fram að í almennum athugasemdum með frumvarpi sé eðlilegt að rekja eftir því sem tilefni er til alþjóðlegrar skuldbindingar á viðkomandi sviði, auk þess sem rétt sé að geta þess mats sem fram hefur farið á samræmi frumvarpsins við alþjóðlegrar skuldbindingar.

Enn fremur gilda nýrri reglur um undirbúning og meðferð stjórnarfrumvarpa sem má finna í samþykkt ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og þingsályktunartillagna, sbr. 10. gr. reglna um starfshætti ríkisstjórnarinnar, nr. 791/2018, frá 24. febrúar 2023. Í samþykktinni er skýrt tekið fram að fjalla skuli um alþjóðlegrar skuldbindingar í greinargerð með lagafrumvarpi ef það á við. Í 8. gr. þeirra reglna er kveðið á um að í greinargerð skuli fjalla um samræmi þess við alþjóðlegrar skuldbindingar enda gefi frumvarpið tilefni til slíks mats.

Í 1. gr. sömu reglna er kveðið á um að kynna skuli áform um lagasetningu og frummat á áhrifum hennar á fundi ráðuneytisstjóra allra ráðuneyta í tæka tíð áður en byrjað er að semja frumvarp. Í 2. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að þessi áform um lagasetningu skuli sett fram á stöðluðu eyðublaði sem dómsmálaráðuneyti útbúi. Í dálki E á eyðublaðinu þarf að greina frá því ef áformin koma inn á svið þjóðréttarskuldbindinga.

Með vísan í allt framangreint og með hliðsjón af málefnasviði félags- og vinnumarkaðsráðuneytis leggja sérfræðingar ráðuneytisins mat á hvort og þá hvað eigi að koma fram í kafl anum um samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegrar skuldbindingar en ljóst er að þau frumvörp sem unnin eru í ráðuneytinu eru mismunandi að umfangi og efni. Metið er hverju sinni út frá efnistökm hvort ástæða sé til að skoða alþjóðasamninga í tengslum við undirbúning frumvarps. Íslensk stjórnvöld gæta að samræmi laga og alþjóðlegra skuldbindinga og því er metið hverju sinni út frá efnistökm hvort ástæða er til að skoða alþjóðasamninga í tengslum við undirbúning frumvarps. Sama verklag gildir um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og aðra alþjóðlega mannréttindasamninga. Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027 (landsáætlun um innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks), sem dreift var á Alþingi 15. desember 2023, var unnin í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu í víðtæku samráði við fatlað fólk og hagsmunasamtök þess, önnur ráðuneyti og sveitarfélög. Í framangreindri vinnu hefur verið lögð áhersla á vitundarvakningu, m.a. í þeim tilgangi að auka þekkingu og vitneskju um samninginn. Samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks er samráðsvettvangur ríkis, sveitarfélaga og hagsmunasamtaka fatlaðs fólks og skal vera ráðgefandi fyrir ráðherra við stefnumörkun í málefnum fatlaðs fólks, sbr. 36. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Samráðsnefndin fjallar m.a. um fyrirhuguð lagafrumvörp er varða málefni fatlaðs fólks og getur það samráð gefið tilefni til að skoða frekar samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.